



SEEDS – Iceland

Klapparstígur 16

101 Reykjavík

www.Seedsiceland.org

Volunteer@Seedsiceland.org

Símar: Oscar: 8456178 & Hildur: 8434361

ALMENNAR UPPLÝSINGAR

Sjálfbóðaliðasamtökin SEEDS eru íslensk frjáls félagasamtök, rekin án hagnaðarsjónarmiða og með alþjóðlegt umfang. Aðalhlutverk SEEDS er að stuðla að menningarlegum skilningi í gegnum vinnu tengda umhverfismálum. Við erum nú að undirbúa starfsárið 2010 og erum sífelld að leita að nýjum og spennandi verkefnum fyrir erlenda sjálfbóðaliða. Þess vegna vildum gjarnan hitta ykkur til að ræða hvort og hvernig við gætum starfað saman.

SEEDS hefur fengið um 1.300 sjálfbóðaliða til Íslands hvaðanæva að úr heiminum frá árinu 2006. Sjálfbóðaliðar á vegum SEEDS ynntu um 30 ársverk af hendi árið 2008 með sinni vinnu hér á landi. Þeir hafa tekið þátt í mismunandi verkefnum sem tengjast þó öll umhverfi eða menningu á einn eða annan hátt. Verkefnin hafa meðal annars verið að hreinsa strandlengjur, gróðursetja tré, leggja og laga göngustíga, aðstoða við ýmsar hátíðir og menningar atburði, viðhalda minjum og fornleifum, mála, ýmis konar landbúnaðarvinna, að byggja úr torfi ásamt ýmsu fleiru.

HVAÐ FELST Í VERKEFNUNUM?

Hugmyndin er að í hverju verkefni starfi milli 8 og 25 einstaklingar sem vinna 5 daga í viku í 6-7 klst á dag. Þeir sem taka við sjálfbóðaliðunum útvega þeim fæði, húsnæði og eitthvað að gera í frístundum (svo sem sund, bátaferðir, skoðunarferðir, skipulagðar gönguferðir eða hestaferðir). Einnig er nauðsynlegt að gestgjafi útvegi manneskju sem hefur yfirumsjón með vinnunni, sem veit hvað þarf að gera og sér um að útvega verkfæri og efni til vinnunnar. Í hópnum eru einn til tveir umsjónarmenn sem þessi einstaklingur getur verið í samstafi með og í sambandi við.

Nánari upplýsingar:

Stærð hópa: 8 til 25 sjálfbóðaliðar.

Lengd verkefna: 2 til 3 vikur: vinna í 6 til 7 klst, 5 daga vikunnar.

Dæmi um verkefni: Þrifa strandir, gróðursetja tré, göngustígagerð, merking gönguleiða, aðstoð við undirbúning og framkvæmd hátíða eða viðburða, uppbygging eða viðhald gamalla bygginga eða minnisvarða.

Húsnæði: Grunnskólar, gistiheimili, samkomuhús, íþróttahús, heimagisting, sumarbústaðir. Sjálfbóðaliðar þurfa að hafa aðgang að sturtum (annað hvort í húsnæðinu eða skammt frá) og eldunaraðstöðu.

Fæði: Ýmist útvegað í gegnum gestgjafa eða fé greitt til SEEDS (1.500 kr. á dag á einstakling) sem sér þá um að útvega fæði.

Umsjónarmenn: SEEDS sendir einn til tvo einstaklinga með hópnum og gestgjafi útvegar einn sem sér um útfærslu verksins, útvegar verkfæri og aðrar nauðsynjar.

- Gestgjafi útvegar verkfæri og efni.
- Gestgjafi eða aðilar í samfélaginu útvega sjálfbóðaliðum eitthvað að gera í frístundum.
- Gestgjafi sér um að koma sjálfbóðaliðum til og frá vinnu á meðan á verkefninu stendur.
- SEEDS sér um ferðir sjálfbóðaliðanna frá þeirra heimalandi til Íslands.
- SEEDS sér um að koma sjálfbóðaliðunum á áfangastað í byrjun verkefnisins og til baka í lok þess.
- SEEDS sér til þess að sjálfbóðaliðar séu tryggðir.

